

Nd.

155. Lög

um tekju- og eignarskattsauka.

(Afgreidd frá Nd. 19. okt.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta aukreitis tekju- og eignarskatt fyrir árið 1934, sem nemur 40% af skattinum það ár samkv. gildandi lögum. Þó skal eigi innheimta lægri fjárhæð en 5 krónur hjá hverjum gjaldanda.

2. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að ákveða fleiri en einn gjalddaga á skatti samkvæmt lögum þessum og lögum nr. 74 27. júní 1921 og breytingum á þeim lögum, ennfremur að skylda kaupgreiðendur til þess að halda eftir og skila í ríkissjóð upp í skattgreiðslu manna hluta af kaupi þeirra, sem nægi fyrir skattgreiðslunni.

Er ríkisstjórninni heimilt að láta gera sérstök skattmerki til notkunar við innheimtu skattsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.